

	Sjóðs- hreyfingar
<b>08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b>	
Tóbaksvarnir, lögbundið framlag.....	38,4
Tannverndarsjóður, lögbundið framlag.....	10,0
Greitt úr ríkissjóði .....	48,4
<b>Lögbundin framlög alls .....</b>	<b>7.308,9</b>
<b>Heildargreiðslur úr ríkissjóði .....</b>	<b>7.308,9</b>
<b>Mismunur, skerðing.....</b>	<b>0,0</b>

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við fjárlög hvers árs til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, sem nú mynda Starfsgreinasamband Íslands, hins vegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*